



TÍÐINDI

af vettvangi Sambands Íslenskra sveitarfélaga

5. tbl. júní 2014



Meðal efnis:

Könnun um árangur af yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks	2
Landnotkun í dreifbýli	7
Batnandi afkoma sveitarfélaga	12
Birting Pisa kannana	14
Verkefnisstjórn um vinnumat	16
Efnahagsleg áhrif hafna	18

Ný könnun um árangur af yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks

Um þessar mundir er unnið að endurmati yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Verkefnisstjórn annast endurmatið en í henni sitja fulltrúar frá sambandinu, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, velferðarráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Þá situr formaður samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks einnig í verkefnisstjórninni.

Endurmatið byggist á víðtækri gagnaöflun sem m.a. er ætlað að draga fram hvort markmið yfirfærslunnar um heildstæða stjórnsýslu hafi náðst. Í því skyni var óskað eftir því að KPMG framkvæmdi spurningakönnun á tilteknum þáttum um það hvernig faglega hefði til tekist við yfirfærsluna. Könnunin var framkvæmd 22. apríl til 3. júní 2014 og var tilgangurinn að



cutting through complexity™

Tilfærsla á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga

Könnun meðal stjórnenda sveitarfélaga

KPMG ráðgjafarsvið
Júní 2014

FÉLAGSPJÓNUSTA

ná fram sjónarmiðum helstu stjórnenda sveitarfélaga varðandi tilfærsluna.

[KPMG hefur nú skilað sinni skýrslu](#) og er hún birt á vef sambandsins. Svör bárust frá 48 sveitarfélögum eða um 65% þeirra og ættu því niðurstöður að vera marktækar um afstöðu stjórnenda sveitarfélaga til þess hvernig til hafi tekist með yfirfærslunni. Framkvæmdastjórar sveitarfélaga voru meirihluti þeirra sem svöruðu könnuninni en fjármálastjórar og bæjarfulltrúar létu einnig í té svör. Markhópur könnunarinnar var því annar en í könnun sem sambandið framkvæmdi á liðnu hausti þar sem daglegir stjórnendur á þjónustusvæðum voru spurðir um það hvernig faglegar og fjárhagslegar forsendur yfirfærslunnar hefðu gengið eftir.

Samkvæmt könnun KPMG virðast stjórnendur sveitarfélaga almennt telja að markmið yfirfærslunnar samhæfingu þjónustu og skýrari ábyrgð hafi náðst að miklu leyti. Fram kemur þó í svörum að enn séu fyrir hendi svið þar sem ábyrgðin er óljós eða óskýr, bæði milli ríkis og sveitarfélaga og innan þjónustusvæðanna. Þannig má sjá að tæplega helmingur svarenda (42%) telur hnökra vera til staðar á samstarfi sveitarfélaga í málefnum fatlaðs fólks. Sama hlutfall telur að ekki sé um slíkt að ræða. Þeir hnökrar sem

hér um ræðir snúa bæði að fjárhagslegum þáttum (m.a. skiptingu fjármuna innan þjónustusvæðis) sem og rekstrarforms (vísar m.a. til fyrirkomulags byggðasamlaga eða leiðandi sveitarfélags). Að svo stór hluti svarenda telji hnökra vera á fyrirkomulaginu gefur tilefni til umræðu um skipulag þjónustusvæða til framtíðar en í könnuninni var einnig spurt um stærð þjónustusvæða þar sem 29% svarenda taldi 8.000 íbúa markið vera of fjölmennt viðmið. Aðspurðir töldu um 40% svarenda að núverandi skipting í þjónustusvæði henti ekki fyrir frekari tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga t.d. varðandi þjónustu við aldraða.

Athygli vekur að um 74% svarenda telja að yfirfærslan hafi að hluta eða flestu leyti aukið þrýsting af hálfu íbúa/notenda á að veitt verði meiri nærþjónusta, sem þýðir í raun að gerð er krafa um hærra þjónustustig. Er það í samræmi við þá þróun sem greind var í kjölfar flutnings grunnskólans yfir til sveitarfélaganna á sínum tíma.

- [Skýrsla KPMG](#)

SKIPULAGSMÁL

Breytingar á skipulagslögum

Hinn 16. maí síðastliðinn samþykkti Alþingi breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010. Breytingalögin eru nr. 59/2014 og voru birt í B-deild Stjórnartíðinda 3. júní síðastliðinn og tóku þar með gildi. Í lögnum eru gerðar ýmsar lagfæringar á lögnum í ljósi fenginnar reynslu.

Endurskoðun bótaákvæða skipulagslaga

Á meðal helstu breytinga á lögnum má m.a. nefna að ákvæði laganna um bótarétt lóðarhafa taka umtalsverðum breytingum. Orðalag 51. gr. laganna hefur verið talið gefa tilefni til misskilnings um að eigandi fasteignar geti átt bótarétt vegna almennra áhrifa sem skipulagsáætlun hefur á nýtingarmöguleika eignarinnar. Lagabreytingunni er því ætlað að draga skarpari mörk á milli þess sérstaka tjóns sem reglunni er ætlað að bæta og þeirra almennu skerðinga sem fasteignareigendur þurfa að þola bótalaust.

Einnig bætist við lögin ný grein sem fjallar um bótaskyldu annarra en sveitarfélaga. Á slíkt getur einkum reynt þegar skipulagsyfirvöld eru bundin af ákvörðunum ríkisins. Má þar sem dæmi nefna rammaáætlun og 28. gr. vegalaga. Í slíkum

tilvikum er því rétt að bótakröfum sé beint að viðkomandi stjórnvaldi ríkisins.

Aðrar breytingar á lögnum eru m.a. þessar:

Ákvörðun um endurskoðun svæðisskipulags og aðalskipulags
Lögfest eru ákvæði um að ákvörðun svæðisskipulagsnefndar um endurskoðun svæðisskipulags skuli að jafnaði liggja fyrir innan 12 mánaða frá sveitarstjórnarkosningum. Sams konar ákvæði eru einnig lögfest varðandi endurskoðun aðalskipulags.

Frestur ráðherra til að staðfesta aðalskipulag

Frestur ráðherra til að synja, fresta eða staðfesta aðalskipulag lengist úr 6 vikum í 3 mánuði.

Frestur til að senda Skipulagsstofnun samþykkt deiliskipulag

Frestur sveitarstjórna til að senda Skipulagsstofnun samþykkt deiliskipulag lengist úr 8 vikum í 6 mánuði frá því að frestur til athugasemda rann út.

Stafrænt skipulag

Lögfest eru ákvæði um að skipulagsáætlanir skuli unnar á stafrænu formi og að



Þeim skuli skilað á stafrænu formi til Skipulagsstofnunar, sem skal gera þær aðgengilegar með stafrænum hætti. Þessi ákvæði taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 2020 hvað varðar svæðisskipulag og aðalskipulag og 1. janúar 2025 hvað varðar deiliskipulag.

Breytingar á svæðisskipulagi miðhálandisins

Lögfest eru ákvæði til bráðabirgða um málsmeðferðarreglur vegna breytinga á svæðisskipulagi miðhálandisins.

Á heimasíðu Skipulagsstofnunar er gerð ítarlegri grein fyrir lagabreytingunum. Unnið er að uppfærslu útgefna leiðbeiningablaða Skipulagsstofnunar með hliðsjón af þessum lagabreytingum. Jafnframt er verið að yfirfara hvaða breytingar þær kalla á að gerðar séu á skipulagsreglugerð.

- [Frétt á vef Skipulagsstofnunar](#)
- [Breytingalögin má nálgast hér.](#)
- [Nánari upplýsingar um lagabreytinguna.](#)

SKIPULAGSMÁL

Skipulagsdagurinn 2014

Árlegur samráðsfundur Skipulagsstofnunar með sveitarfélögum verður haldinn 29. ágúst næstkomandi á Grand Hótel í Reykjavík undir yfirskriftinni Skipulagsdagurinn 2014. Til fundarins er boðið sveitarstjórnarmönnum, fulltrúum í skipulagsnefndum sveitarfélaga, skipulagsfulltrúum og öðrum starfsmönnum sveitarfélaga sem annast skipulagsmál. Fundurinn er að venju haldinn í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Þar sem fundurinn er nú haldinn í byrjun nýs kjörtímabils verður sjónum sérstaklega beint að ábyrgð og helstu verkefnum sveitarstjórna og skipulagsnefnda varðandi

skipulagsmál, enda margir að koma nýir inn á þann vettvang. Einnig verður sérstaklega fjallað um endurskoðun aðalskipulags, en eitt af fyrstu verkefnum skipulagsnefnda á nýju kjörtímabili er að taka ákvörðun um hvort þörf sé á að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins. Þá munu fulltrúar ýmissa sveitarfélaga verða með framlög um nýjar leiðir við íbúasamráð, svæðisskipulagsvinnu á höfuðborgarsvæðinu og fleira.

Nánari dagskrá Skipulagsdagsins verður kynnt í byrjun ágúst. Þá verður einnig opnað fyrir skráningu.

Takið daginn frá!





Áfangaskýrsla um skipulag landnotkunar í dreifbýli

Starfshópur um undirbúning skipulags landnotkunar í dreifbýli hefur skilað umhverfis- og auðlindaráðherra áfangaskýrslu þar sem dregin eru fram þau atriði sem huga þarf að í tengslum við landnotkun í landsskipulagsstefnu. Starfshópurinn var skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra í nóvember 2013.

Meðal þess sem starfshópurinn telur að fjalla þurfi um eru skilgreining og flokkun á landbúnaðarlandi, skilgreining á því hvað dregur að ferðamenn og hvernig það verði best varðveitt, endurheimt vistkerfa, stuðningur við skógrækt m.t.t. mismunandi skógræktarskilyrða og skipulag og mannvirkjagerð við uppbyggingu sem tengist ferðaþjónustu.

Í skýrslunni er einnig fjallað með almennum hætti um landnotkun í dreifbýli, rýnt í

þróun landnotkunar síðasta áratug, helstu breytingar og árekstra sem upp hafa komið og hvernig helstu hagsmunaaðilar sjá fyrir sér landnotkun þróast á næstu árum. Eins eru dregnar saman helstu tillögur og niðurstöður sem unnar hafa verið á síðustu árum, m.a. af starfshópum á vegum stjórnvalda.

Meginmarkmið skýrslunnar er að vera faglegur grundvöllur við gerð landsskipulagsstefnu 2015-2026 varðandi landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu. Sambandið minnir sveitarfélög á að fundur samráðsvettvangs um gerð landsskipulagsstefnu verður haldinn í Reykjavík 15. ágúst nk.

Nánari upplýsingar um þá vinnu má nálgast á [heimasíðu Skipulagsstofnunar](#).



Staða kerfisáætlunar Landsnets gagnvart skipulagi

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur kynnt á heimasíðu sinni drög að frumvarpi til breytinga á raforkulögum, sem ráðherra hyggst leggja fram á haustþingi. Í frumvarpinu eru lagt til að ákvæði laganna um kerfisáætlun Landsnets verði endurskoðuð og gerð mun ítarlegri en áður

auk þess sem mælt er fyrir um hlutverk Orkustofnunar við að staðfesta og hafa eftirlit með framkvæmd kerfisáætlunar.

Við gerð frumvarpsins var m.a. höfð hlidsjón af nýlegri skýrslu nefndar um rafliður í jörð en ráðherra hyggst jafnframt leggja fram

SKIPULAGSMÁL

á haustþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína og verða drög að þeirri þingsályktunartillögu einnig lögð fram til kynningar og umsagnar á vef ráðuneytisins á næstu vikum.

Samráð hefur verið haft um efni frumvarpsins við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og hefur verið tekið ágætt tillit til sjónarmiða þeirra við gerð frumvarpsins.

Markmið frumvarpsins er m.a. að tryggja sem víðtækast samráð við sveitarfélög og helstu hagsmunaaðila á vinnslustigi kerfisáætlunar. Að áliti fulltrúa sambandsins er það ákvæði (9. gr. a.) frumvarpsins til mikilla bóta.

Einnig er gerð tillaga um ákvæði (9. gr. c) sem kveður m.a. á um að sveitarfélögum beri að breyta skipulagsáætlunum sínum með hliðsjón af kerfisáætlun auk þess sem sveitarfélögum beri að tryggja að skipulagsmál hindri ekki framgang þeirra verkefna sem eru í staðfestri þriggja ára framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar.

Mikilvægt er að umræða fari fram á vettvangi sveitarfélaga um frumvarpið enda vegast þar á hagsmunir einstakra sveitarfélaga í skipulagsmálum gagnvart almannahagsmunum um afhendingaröryggi raforku og flutningsgetu raforkukerfisins. Sveitarstjórnir og landshlutasamtök sveitarfélaga eru sérstaklega hvött til þess að senda ráðuneytinu umsögn um frumvarpið.

Nánari upplýsingar um málið veitir Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins.

- [Frétt á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.](#)



LANDSNET

SKIPULAGSMÁL

Vegir og skipulag

Athygli sveitarfélaga er vakin á nýjum leiðbeiningum sem nefnast *Vegir og Skipulag*, sem Vegagerðin hefur gefið út í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Ritið er hugsað sem handbók fyrir sveitarfélög, skipulagshöfunda og Vegagerðina og er því ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli. Einnig er með því leitast við að lágmarka óvissu um ábyrgð og skyldur aðila. Skipulagshöfundar geta þar með undirbúið mál sitt betur, Vegagerðin veit að hverju hún gengur og getur gert athugasemdir og sett fram óskir eða kröfur um útfærslur byggðar á skýrum grunni.

Frá útgáfu fyrstu leiðbeininga um sama efni árið 2007 hafa komið ný skipulagslög, ný skipulagsreglugerð, nýjar reglugerðir um hávaða, framkvæmdaleyfi og ýmsar leiðbeiningar verið uppfærðar. Jafnframt var það niðurstaða nefndar um breytingar á veglögum að mikilvægt væri að endurskoða leiðbeiningarnar. Vegagerðin og Samband íslenskra sveitarfélaga ákváðu í ljósi þessa að uppfæra leiðbeiningarnar.

Helstu viðbætur við fyrra leiðbeiningarrit um sama efni er kafli um tillögu að verklagi við sérstakt samráð (kafli 4) og einnig



voru útbúin leiðbeiningablöð fyrir gerð aðalskipulags og deiliskipulags (kafli 5). Sérstakt samráð á við þegar ljóst er að ólíkar skoðanir eru um skipulag, skilmála eða útfærslu samgöngumannvirkja og hið almenna samráð í skipulagsferlinu hefur ekki skilað viðunandi lausn.



Sveitarstjórn Borgarbyggðar 2014-2018, myndin er af vef Borgarbyggðar.

Nýjar sveitarstjórnir

Þann 15. júní tóku nýjar sveitarstjórnir við völdum. Í 74 sveitarfélögum sitja 504 sveitarstjórnarmenn. 393 þeirra voru kjörnir bundinni hlutfallskosningu (listakosningu) í 53 sveitarfélögum, 94 voru kjörnir óbundinni kosningu (persónukosningu) í 18 sveitarfélögum og 17 voru sjálfkjörnir í þremur sveitarfélögum.

- Kosningaþátttaka í þeim 71 sveitarfélagi þar sem kosning fór fram var 66,5% og er það allra lágsta kosningaþátttaka á 40 ára tímabili frá 1974 þegar kjörsóknin var hæst 87,8%. Við kosningarnar 2010 var kjörsókn 73,5%.
- Mest var kjörsókn í Eyja- og Miklaholtshreppi eða 95,2% og minnst í Breiðdalshreppi 56,6%.
- Konur í sveitarstjórnnum eru nú 222 eða 44%, en þær voru 39,8%

sveitarstjórnarmanna eftir kosningarnar 2010.

- Elsti sveitarstjórnarmaðurinn er tæplega 69 ára gamall og sá yngsti er tæplega 21 árs og meðalaldur sveitarstjórnarmanna er 46 ár.


Þegar skoðað er hlutfall endurnýjunar í sveitarstjórnnum kemur í ljós að það er 54,4%. Rétt er að taka fram að einhver hluti nýrra sveitarstjórnarmanna hefur setið sem varamenn, aðrir hafa flutt sig milli sveitarfélaga eftir að hafa setið annars staðar í sveitarstjórn og enn aðrir setjast að nýju í sveitarstjórn eftir hlé síðasta kjörtímabil eða fleiri. Margir þessara „nýju“ sveitarstjórnarmanna hafa því reynslu af störfum að sveitarstjórnarmálum.

Upplýsingingar um nýjar sveitarstjórnir hafa verið birtar á [upplýsingavef sambandsins](http://upplýsingavef.sambandsins.is).

FJÁRMÁL

Áframhald á batnandi afkomu sveitarfélaganna

Niðurstöður úr A-hluta ársreikninga sveitarfélaga fyrir árið 2013 voru birtar fyrir skömmu í [Fréttabréfi hag- og upplýsingasviðs 5. tbl.](#) Niðurstöður lágu fyrir úr ársreikningum 65 sveitarfélaga þar sem búa 99,7% íbúanna. Almennt má segja að afkoma sveitarfélaganna batnaði frá árinu 2013 miðað við fyrra ár. Afkoman hefur í raun batnað hægt og sígandi frá árinu 2010. Ástæða þess er bæði að



atvinnulífið í landinu hefur verið að styrkjast og atvinnuþátttaka verið að aukast. Einnig hefur mikið verið unnið á þessum tíma hjá sveitarfélögum landsins í að bæta rekstur þeirra sem skilar sér í aukinni skilvirkni og betri afkomu.

Skatttekjur A-hluta hækkuðu úr 205,4 ma.kr í 222,8 ma.kr. á árinu 2013. Það er hækkun um 17,4 ma.kr. eða 8,5%. Á sama tíma hækkaði rekstrarkostnaður úr 186,6 ma.kr í 198,2 ma.kr. eða um 6,2%. Veltufé frá rekstri hækkaði um 3,1 ma.kr. eða um 15,6%. Það sýnir að rekstrarstaða sveitarfélaganna hefur styrkst verulega sem þýðir að þau eiga auðveldara með að fjármagna afborganir lána og nýfjárfestingar. Veltufé frá rekstri var 9,7% af heildartekjum. Fjárfestingar eru áfram lágar þó að þær hækki heldur frá fyrra ári. Áfram er lögð mikil áhersla á að greiða niður langtímaskuldir.

Nánari upplýsingar um niðurstöður úr A-hluta ársreikninga sveitarfélaganna frá árinu 2013 er að finna á [heimasíðu sambandsins](#).

SKÓLAMÁL

Dalabyggð styrkir nemendur í leikskólakennaranám



Sveitarfélagið Dalabyggð hyggst styðja við bakið á nemendum sem fara í háskólanám í leikskólakennarafræðum. Sveinn Pálsson sveitarstjóri segir að ákvörðun um þetta hafi verið tekin í sveitarstjórninni í ljósi þess að erfitt hafi reynst að fá menntað fólk til starfa á leikskólanum í Búðardal sem er deild í Auðarskóla. Fjölgun hefur orðið á börnum á leikskólaaldri í Dalabyggð síðustu árin og einnig barna sem sækja leikskóla í Búðardal úr sveitinni. Var það ástæðan fyrir því að nýbyggður leikskóli var fljótlega of lífill og viðbygging við hann tekin í

notkun á síðasta ári. Umræddur stuðningur sem Dalabyggð býður nemendum í leikskólafræðum er margháttaður en stefnt er að því að ná saman hópi sem gæti stundað námið og nemendur notið þannig stuðnings hvers annars. Nemendum stendur til boða laun í staðbundnum lotum og æfingakennslu í leikskólum, námsstyrki tvisvar á skólaárinu, aðgangur að tölvukerfum Auðarskóla og Office 365 sem og vinnu- og námsaðstöðu í skóla; prentun, ljósritun, interneti og fleiru.

SKÓLAMÁL

Aðgangur að gögnum um niðurstöður PISA-könnunar 2012



Þann 24. júní sl. kvað úrskurðarnefnd um upplýsingamál upp úrskurð í máli sem laut að aðgangi að gögnum um niðurstöður PISA-könnunar 2012.

Kæruefni

Kærandi hafði með bréfi til Reykjavíkurborgar óskað eftir upplýsingum um niðurstöður PISA, annars vegar gögnum sem bárust Reykjavíkurborg frá Námsmatsstofnun og hins vegar gögnum sem starfsfólk borgarinnar vann um niðurstöðurnar. Með bréfi Reykjavíkurborgar dags. 1. apríl 2014 var sýnað um aðgang með vísan til þess að um væri að ræða vinnugögn sem væru undanþegin upplýsingarétti almennings. Kærandi kærði þá ákvörðun til úrskurðarnefndarinnar 2. apríl 2014.

Niðurstaða

Gögn um niðurstöður PISA-könnunarinnar sem unnin voru af starfsfólki Reykjavíkurborgar

Fram kemur í niðurstöðu úrskurðarnefndar að ekki liggi fyrir að umrædd gögn hafi verið afhent öðrum, en afhending frá skóla- og frístundasviði til annarrar

stjórnsýslueiningar innan sama stjórnvalds, þ.e. skóla- og frístundaráðs, teljist ekki vera slík afhending. Nefndin telji því að uppfyllt séu tvö af þremur skilyrðum 1. mgr. 8. gr. upplýsingalaga fyrir því að gagn teljist vinnugagn, þ.e. að gagnað hafi verið ritað eða útbúið af starfsmönnum stjórnvaldsins sjálfs og hafi ekki verið afhent öðrum.

Þriðja skilyrðið er að viðkomandi gögn hafi verið rituð við undirbúning ákvörðunar eða annarra lykta máls. Var það niðurstaða nefndarinnar að sjónarmið í lögskýringargögnum um einkenni undirbúningsgagna gætu ekki átt við um þá tölfræðilegu útdrætti sem mál þetta varðaði og væri því ekki fallist á að synja mætti beiðni kæranda um aðgang að gögnunum

með vísan til þess að um vinnugögn væri að ræða. Bæri Reykjavíkurborg því að veita aðgang að gögnunum.

Gögn um PISA-könnun sem Námsmatsstofnun afhenti Reykjavíkurborg

Úrskurðarnefndin vísaði til þess sem áður hafði komið fram að gögn sem hafa verið afhent öðrum teljast ekki lengur til vinnugagna, nema þau hafi einvörðungu verið afhent eftirlitsaðila á grundvelli lagaskyldu, en það eigi ekki við um Reykjavíkurborg í þessu tilviki. Bæri því jafnframt að veita kæranda aðgang að þessum gögnum.



Verkefnisstjórn um vinnumat grunnskólakennara



Helsta nýjungin í kjarasamningi sambandsins og FG frá 20. maí sl. er gerð nýs vinnumats kennara og afar mikilvægum áfanga náð með þeirri ákvörðun. Þar verður rýnt í starf ólíkra kennarahópa og metinn sá tími sem varið er til skilgreindra verkefna. Verkefnisstjórn hefur verið skipuð sem hefur yfirumsjón með gerð leiðarvísis um vinnumat auk þess að styðja við innleiðingu þess í grunnskólum. Sett verða

niður viðmið sem lögð verða til grundvallar mati á umfangi kennslu, undirbúningi, námsmati, umsjónar og þverfaglegu samstarfi, samsetningar nemendahópa, skráningarvinnu, foreldrasamskipta o.fl.

Helstu verkefni verða:

- að skilgreina inntak og umfang einstakra hluta vinnumatsins

SKÓLAMÁL

- að vinna leiðarvísi með sýnidæmum
- að styðja við innleiðingu
- að veita álit og ráðgjöf
- að safna í gagnabanka þekkingu og lausnum sem verða til.

Drög að leiðarvísinum eiga að liggja fyrir þann 1. nóvember 2014 en þá tekur við kynningar- og umsagnarferli út janúarmánuð 2015. Leiðarvísir um vinnumat verður lagður undir atkvæði samningsaðila í síðasta lagi 20. febrúar 2015.

Verkefnisstjórnina skipa af hálfu FG: Guðbjörg Ragnarsdóttir, varaformaður FG og Rósa Ingvarsdóttir og Hulda

Hauksdóttir grunnskólakennarar. Fyrir hönd sambandsins eiga Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri, Helgi Grímsson, skólastjóri og Karl Frímansson, þróunarstjóri sæti í verkefnisstjórn. Auk þess situr Svanhildur M. Ólafsdóttir, formaður SÍ í verkefnisstjórn sem áheyrnarfulltrúi. Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins, er starfsmaður verkefnisstjórnar.

Verkefnisstjórn hefur haldið fyrsta fund sinn og verða [fundargerðir aðgengilegar](#) á vef sambandsins. Verkefnastjórnin mun funda vikulega að loknum sumarleyfum frá og með 12. ágúst.

„Hvað fékkstu á prófinu?“

– málþing sambandsins um skólamál 8. september 2014



Málþing sambandsins um skólamál verður haldið 8. september á Grand hóteli í Reykjavík undir yfirskriftinni „Hvað fékkstu á prófinu?“ Eins og heitið gefur til kynna verður sjónum beint að námsárangri í leik- og grunnskólum og munu 9 valinkunnir aðilar halda erindi í því skyni. Dagskrá málþings, ásamt yfirliti erinda, er aðgengileg á [vef sambandsins](#) og opnað hefur verið fyrir skráningu á sömu síðu.

HAFNAMÁL

Efnahagsleg áhrif íslenskra hafna



Á 38. hafnasambandsþing sem haldið var í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012 var stjórn Hafnasambands Íslands falið að láta gera úttekt á efnahagslegum áhrifum íslenskra hafna og vægi þeirra í íslensku atvinnulífi. Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður hafnasambandsins, hefur á seinustu mánuðum unnið í úttektinni sem var einnig MA-ritgerð hans í stjórnun og stefnumótun.

Í úttektinni er stuðst við ársreikninga hafnasjóða og sveitarfélaga fyrir árið 2012

sem og gögn frá Hagstofu Íslands og Íslenska sjávarklasanum. Niðurstöðurnar sýna okkur að beint framlag íslenskra hafna er um 0,3% af landsframleiðslu en aftur á móti er óbeina framlag hafnanna mun meira eða rúmlega 28%. Mikilvægi íslenskra hafna fyrir íslenskt samfélag er því óumdeilt þó svo að deila megi um mikilvægi hverrar hafnar fyrir sig.


Rtgerðin í heild sinn. [Efnahagsleg áhrif íslenskra hafna.](#)

Sveitarstjórnarréttur

Út er komin bókin Sveitarstjórnarréttur eftir Trausta Fannar Valsson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Bókin er ætluð til kennslu á háskólastigi en gagnast einnig vel þeim er starfa að málefnum sveitarfélaga. Bókinni fylgja ítarlegar atriðaorða- og dómaskrár sem styðja við notkun hennar.

Í bókinni er fjallað heildstætt um helstu atriði sveitarstjórnarréttar. Meðal viðfangsefna eru þær reglur sem gilda um stöðu sveitarfélaga innan stjórnsýslunnar, kosningar til sveitarstjórna, fundi sveitarstjórna, réttindi og skyldur sveitarstjórnarfulltrúa, nefndir og ráð sveitarfélaga, framkvæmdastjóra sveitarfélaga, svigrúm sveitarfélaga, samvinnu þeirra og eftirlit með sveitarfélögum.

Bókin er fáanleg í Bóksölu stúdenta, Háskólatorgi og í bóksölu Úlfjólts, Lögbergi HÍ.





Margvísleg starfsheiti og verkefni sveitarstjórnarmanna

Langflestir sveitarstjórnarmenn sinna öðrum störfum samhliða því að sitja í sveitarstjórn. Eftir sveitarstjórnarkosningarnar í vor er áhugavert að skoða þau starfsheiti sem frambjóðendur gáfu upp fyrir kosningar og kennir þar ýmissa grasa.

Vinsælasta starfsheitið er bóndi, en 81 sveitarstjórnarmenn gefa það upp. Tveir sveitarstjórnarmenn eru fangaverðir, 38 kennarar, 1 málari og 6 eru sjómenn.

Þá eru 45 sveitarstjórnarmenn jafnframt framkvæmdastjórar, 2 hagfræðingar, einn hársnyrtimeistari, 7 hjúkrunarfræðingar, 4 hóteltjórar, 8 lögfræðingar, einn mjólkurfræðingur, 3 pípulagningamenn og einn prestur.

En sveitarstjórnarmenn eru líka eftirsóttir til margvíslegra starfa innan síns samfélags. Þar á meðal má nefna að þeir taka gjarnan þátt í allskyns íþróttatengdum uppákomum, þar sem meiri- og minnihluta er gjarnan att saman og sveitarstjórnar

menn eru oft fengnir til að taka þátt í ýmsum góðgerðarverkefnum og fjáröflunum.

Á dögnum áttum við erindi í Borgarfjörð og litum þar við á Rabbabarahátíð í Reykholti og þar sat fráfarandi sveitarstjóri í Borgarbyggð, Páll Brynjarsson, við og smakkaði afurðir úr rabbabara í gríð og erg. Smelltum við vel sætri mynd af honum en á þeim tímapunkti hafði hann bragðað á yfir 30 tegundum af rabbabarasultu og var að fara að taka til við að smakka á rabbabarabökum.



© **Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ritstjóri og ábm.: Magnús Karel Hannesson
2014/19

*Afritun og endurprentun er heimil svo
fremi að heimildar sé getið.*